



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 13. apríl 2016.

### Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 7. apríl s.l. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytingar þessar byggja annars vegar á ályktunartillögum sem lagðar voru fyrir á 70. ársþingi KSÍ 2016 og hins vegar tillögu mótanefndar. Er um að ræða breytingar á reglum um hlutgengi leikmanna í yngri flokkum, leikskýrsluskráningar í 5. flokki og eldri leikmenn í 2. flokki kvenna. Taka allar þessar reglugerðarbreytingar gildi þá þegar.

### Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Hlutgengisreglur

Í framhaldi af ályktunartillögu sem lögð var fram á seinasta ársþingi um hlutgengisreglur lagði mótanefnd til breytingar sem samþykktar voru af stjórn, en þær fela í sér takmarkanir þegar lið sendir tvö lið til keppni í sama móti. Þá er nánar skilgreint hvaða leikmenn mega taka þátt í úrslitakeppnum B- og C-liða. Loks eru sett ákvæði þar sem engin ákvæði eru til staðar. Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar.

#### 2. flokkur karla

##### 2. flokkur karla A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 25.1.5.	Eftir breytingar á ákvæði 25.1.5.
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

##### 2. flokkur karla B lið – Milli A og B-liða

Ákvæði 25.1.6. (fjórði málsliður)	Viðbót við ákvæði 25.1.6.
Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.	Í úrslitakeppni B-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði). Leikmenn sem leikið hafa í meistaraflokki og ekki hafa leikið í keppni B-liða í Íslandsmóti eru óhlutgengir (þetta gildir ekki um leikmenn sem leikið hafa í 4. deild).

## 2. flokkur karla B lið – Milli tveggja B-liða

Núverandi	<b>Nýtt ákvæði 25.1.7.</b>
Ekkert ákvæði	Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

## 3. flokkur karla

### 3. flokkur karla A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 26.1.5.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 26.1.5.</b>
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir. Þegar félag er með þrjú A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 eða 2 er ekki heimilt að leika með liði 3 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 3 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 3. flokkur karla B lið – Milli A og B-liða

Ákvæði 26.1.6. (fjórði málsliður)	<b>Viðbót við ákvæði 26.1.6.</b>
Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins	Í úrslitakeppni B-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði). Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

### 3. flokkur karla B lið – Milli tveggja B-liða

Fyrir breytingar ákvæði 26.1.7.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 26.1.7.</b>
Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 3. flokkur karla C lið – Milli A, B og C-liða

Núverandi	<b>Ný ákvæði 26.1.8. og 26.1.9.</b>
Ekkert ákvæði	Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks C liða er ber nafnið 3. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki C hefur engin áhrif á 3. flokk B. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A eða B liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þessara leikja er heimilt að leika með C liði félagsins.  <b>Sérákvæði um úrslitakeppni (26.1.9)</b> Í úrslitakeppni C-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs og 11 leikjahæstu leikmenn B-liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði).

	Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.
--	---

### 3. flokkur karla C lið – Milli tveggja C-liða

Núverandi	<b>Nýtt ákvæði 26.1.10.</b>
Ekkert ákvæði	Þegar félag er með tvö C lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

## 4. flokkur karla

### 4. flokkur karla A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 27.1.3.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 27.1.3.</b>
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 4. flokkur karla B lið – Milli A og B-liða

Ákvæði 27.1.10.(fjórði málsliður)	<b>Viðbót við ákvæði 27.1.10.</b>
Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti.	<b>Sérákvæði um úrslitakeppni:</b> Í úrslitakeppni B-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði). Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

### 4. flokkur karla B lið – Milli tveggja B-liða

Fyrir breytingar á ákvæði 27.1.11.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 27.1.11.</b>
Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 4. flokkur karla C lið – Milli A, B og C-liða

Ákvæði 27.1.12. (fjórði málsliður)	<b>Viðbót við ákvæði 27.1.12.</b>
Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A eða B liði félagsins í Íslandsmóti.	<b>Sérákvæði um úrslitakeppni:</b> Í úrslitakeppni C-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs og 11 leikjahæstu leikmenn B-liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði). Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

### 4. flokkur karla C lið – Milli tveggja C-liða

Fyrir breytingar á ákvæði 27.1.13.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 27.1.13.</b>
Þegar félag er með tvö C lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö C lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

## 2. flokkur kvenna

### 2. flokkur kvenna A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 33.1.4.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 33.1.4.</b>
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

## 3. flokkur kvenna

### 3. flokkur kvenna A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 34.1.5.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 34.1.5.</b>
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 3. flokkur kvenna B lið – Milli A og B-liða

Núverandi	<b>Nýtt ákvæði 34.1.6.</b>
Ekkert ákvæði	Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

### 3. flokkur kvenna B lið – Milli tveggja B-liða

Núverandi	<b>Nýtt ákvæði 34.1.7.</b>
Ekkert ákvæði	Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

## 4. flokkur kvenna

### 4. flokkur kvenna A lið – Milli tveggja A liða

Fyrir breytingar á ákvæði 35.1.3.	<b>Eftir breytingar á ákvæði 35.1.3.</b>
Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.	Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

### 4. flokkur kvenna B lið – Milli A og B-liða

Ákvæði 35.1.7. (fjórði málsliður)	<b>Viðbót við ákvæði 35.1.7.</b>
Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti.	Í úrslitakeppni B-liða eru allir leikmenn félags hlutgengir nema 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs í Íslandsmóti (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði). Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

---

## Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Leikskýrsluskráningar í 5. flokki

Í kjölfar tillögu frá mótanefnd voru eftirfarandi breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót samþykktar á fundi stjórnar KSÍ þann 7. apríl sl. Er um að ræða breytingar á reglum um leiksskýrsluskráningar í 5. flokki. Breytingar hafa verið samþykktar á eftirfarandi ákvæðum:

### 9.gr.

#### Leikskýrsla

- 9.2. Í keppni 7 og 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).
- 9.6. Félögum ber skylda til að skrá upplýsingar á leikskýrslum í heimaleikjum sínum í gagnagrunn KSÍ sem hér greinir:
- a) Úrslit leiks skulu skráð strax að leik loknum.
  - b) Allar upplýsingar á leikskýrslu í meistaraflokki skulu skráðar innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur.
  - c) Í keppni 7 og 11 manna liða (öðrum en meistaraflokki) skal skrá upplýsingar á leikskýrslu innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Nauðsynlegt er að skrá áminningar, brottvísanir og nöfn dómara.
  - d) Til þess að félag geti tekið þátt í úrslitakeppni þarf félagið að hafa lokið skráningu á leikskýrslum allra keppnisliða í viðkomandi aldursflokki.

Út falla eftirfarandi ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

### 28.gr.

#### 5. flokkur karla

- 28.1.13. Ef félag skilar ekki inn útfylltri leikskýrslu fyrir svæðakeppnina fyrir öll lið viðkomandi félags (A, B, C og D lið) áður en úrslitakeppni hefst getur það ekki fengið þátttökurétt í úrslitakeppni 5. flokks, og tekur næsta lið í svæðakeppni sæti þess.

### 36.gr.

#### 5. flokkur kvenna

- 36.1.12. Ef félag skilar ekki inn útfylltri leikskýrslu fyrir svæðakeppnina fyrir öll lið viðkomandi félags (A, B, C og D lið) áður en úrslitakeppni hefst getur það ekki fengið þátttökurétt í úrslitakeppni 5. flokks, og tekur næsta lið í svæðakeppni sæti þess.

---

## Samantekt

Framangreindar breytingar á ákvæðum 9.2. og 9.6. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót fela í sér að nú ber að skrá leikskýrslu rafrænt með sama hætti í 7 manna liðum og í leik 11 manna liða. Í ákvæði 9.6. bætist svo við nýr d) liður þar sem fram kemur að til þess að félag geti tekið þátt í úrslitakeppni þarf félagið að hafa lokið skráningu á leikskýrslum allra keppnisliða í viðkomandi aldursflokki. Með þeirri viðbót við ákvæði 9.6. þykir ekki lengur þörf á ákvæðum 28.1.13. og 36.1.12. sem falla því úr reglugerðinni.

---

## Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Eldri leikmenn í 2. flokki kvenna

Á fundi stjórnar KSÍ þann 7. apríl s.l. var samþykkt bráðabirgðarákvæði um eldri leikmenn í 2. flokki kvenna fyrir árið 2016. Er ákvæðið samhljóma því sem var í gildi fyrir árið 2015 og er eftirfarandi:

### Ákvæði til bráðabirgða 2016:

Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1994, 1995 og 1996) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.



Klara Bjartmarz,  
framkvæmdastjóri KSÍ.